

# Skína smástjörnur

*Handbók- svona gerum við*



## Innihald

SKÍNA SMÁSTJÖRNUR .....	2
FORELDRASAMSTARF .....	2
Aðlögun .....	2
Að heilsa og kveðja .....	3
Foreldrakaffi og uppákomur .....	3
Tölvupóstur .....	3
Upplýsingatöflur og dagbækur .....	3
Aðrar leiðir í foreldrasamstarfi .....	3
BÖRN ERU GETUMIKIL .....	4
STARFSADFERÐIR-VIÐHORF .....	4
Samskipti .....	5
Viðurkenning og sjónarmið barna .....	5
Tjáning og leikur barna .....	6
NÁMSUMHVERFIÐ .....	6
Umhverfið .....	7
Efniviður .....	7
SKRÁNINGAR .....	7
Myndbandsskráningar .....	8
Ljósmyndaskráningar .....	9
Skriflegar skráningar .....	9
Að vinna úr skráningum .....	9
LEIKUR-NÁM-UMHYGGJA .....	9
DAGSKIPULAG .....	10
Að koma og fara .....	10
Matmálstímar .....	10
Vinnustund/hópastarf/sköpun .....	11
Frjáls leikur .....	13
Fataherbergið .....	13
Útivera .....	14
Salernisferðir og bleiuskipti .....	14
Hvöld .....	15
Flæði .....	15
Gott að hafa í huga .....	16

## SKÍNA SMÁSTJÖRNUR

Skína smástjörnur er samstarfsverkefni fjögurra leikskóla sem allir eiga það sameiginlegt að hafa verið sameinaðir úr tveimur leikskólum í einn og í kjölfarið farið þá leið að aldursskipta húsunum. Verkefnið snýr að því húsi sem yngri börnin dveljast í og er markmiðið að þróa gæðastarf með börnum á aldrinum eins til þriggja ára.

Ungum börnum hefur fjölgað mikið í leikskólum síðustu árin. Yfir 90% tveggja ára barna ganga nú í leikskóla og um 35% eins árs barna. Allir vilja það besta fyrir börnin og þá er gott að vita hvað er best. Í þessu verkefni var fyrst og fremst lögð áhersla á að efla fagvitund og liðsheild. Horft var sérstaklega á foreldrasamskipti, námsumhverfið og viðhorf starfsmanna til náms og leiks.

Þessi handbók er hugsuð sem einskonafrá námsskrá fyrir þetta aldurskeið í leikskóla. Þegar talað er um kennara í textanum er átt við alla sem koma að námi barnanna, burt séð frá menntun einstaklingins.

## FORELDRASAMSTARF

Gott samstarf á milli leikskóla og foreldra er stór þáttur í farsælli leikskólagöngu hvers barns. Mikilvægt er að á milli foreldra og leikskóla ríki traust og velvilji. Viðmót og starfshættir leikskólans þurfa því að miða að því að hvetja til samstarfs við heimili og fjölskyldu barnsins.

Ef árangursríkt samstarf næst skapar það samfellu í lífi barna og byggir brú á milli þeirra ólíku heima sem börnin lifa í á hverjum degi.

Í Aðalnámsskrá leikskóla segir meðal annars að líðan barns í leikskóla sé samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis og að sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólustarfs sé mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011, bls. 48).

Unnið er að þessu samstarfi á margan hátt, bæði dags daglega og við hinar ýmsu upptökur yfir veturinn. Dæmi um það má sjá hér:

### Aðlögun

Mikilvægt er að upphaf leikskólagöngu barnsins fari vel af stað. Misjafnt er á milli leikskóla hvaða leið er valin til að aðlaga börnin inn í leikskólann. Sumir velja að fara þá leið að venja börnin við umhverfið með því að lengja vistun smám saman. Þá koma foreldrar og börn í heimsókn fyrsta daginn og á degi tvö er barnið skilið eftir í smá stund sem svo lengist eftir því sem líður á aðlögunina. Aðrir leikskólar fara leið sem nefnist „þátttökuaðlögun“ þá eru foreldri/ar með barninu á nokkra daga og kveðja svo í upphafi dags í lok aðlögun. Þessar tvær leiðir eru algengastar og er misjafnt hvernig þær eru útfærðar á hverjum stað.

Sama hvaða leið er valin til að aðlaga barn í leikskólann þá er mikilvægt að byrja strax að vinna að jákvæðri samvinnu. Foreldrar og börn þurfa að finna að þau eru velkomin í leikskólann og þau þurfa að finna að rödd þeirra heyrir og að skoðun þeirra sé virt. Foreldrar þekkja sitt barn best og vita oftast hvernig best er að haga umhverfinu svo því líði vel. Það er því mikilvægt að koma á móts við þær hugmyndir sem upp koma í samstarfinu.

Það sem þarf að hafa í huga þegar barn og fjölskylda þess eru aðlöguð í leikskólann er að gefa sér tíma til að kynnast einstaklingunum. Vera heiðarlegur og opinn. Ekki setja upp of mikið spariandlit, vera afslappaður, einlægur og virða ólíkar skoðanir sem koma upp.

### **Að heilsa og kveðja**

Þegar barni og foreldri þess er heilsað á morgnana og þegar það er kvatt á daginn er mikilvægt að heilsa og kveðja með bros á vör og nota nafn barnsins. Þetta er einnig gott tækifæri til að spjalla aðeins um hvernig dagurinn gekk og koma áleiðis skilaboðum ef þarf. Þetta gefur foreldrum einnig tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um líf barnsins og líðan.

### **Foreldrakaffi og uppákomur**

Leikskólinn og foreldrafélag leikskólans stendur fyrir ýmsum uppákomum þar sem foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta og eiga stund saman í leikskólanum. Mismunandi er eftir skólum hvernig staðið er að svona stundum, það getur verið mömmu- og pabbakaffi, sveitaferðir, piparkökubakstur, vorhátíð, jólaskreytingar ofl.

### **Tölvupóstur**

Flestir deildarstjórar nýta sér tölvupóstsamskipti til að koma upplýsingum til foreldra. Þetta eru að sjálfsögðu gagnkvæm samskipti þar sem foreldrar geta komið upplýsingum til baka. Gott ráð er að deildarstjóri sendi póstinn einnig á aðra starfsmenn deildarinnar svo þeir hafi einnig upplýsingar til að geta svarað foreldrum ef upp koma spurningar. Þannig eru allir inni í málunum.

### **Upplýsingatöflur og dagbækur**

Upplýsingatöflur og dagbækur í hvaða formi sem er í fataherberginu eru góð leið til að koma almennum, daglegum upplýsingum á framfæri til foreldra. Þetta geta verið upplýsingar um uppákomur framundan eða hvað gerðist um daginn eða hvað var gert í vinnustund/hópastarfi.

### **Aðrar leiðir í foreldrasamstarfi**

Til að styrkja tengingu heimilis og skóla er ýmislegt hægt að gera, hér koma nokkur dæmi um slíkt;

#### *Bangsi sem fer heim með barninu*

Það getur verið skemmtilegt að vera með bangsa sem börnin taka með sér heim yfir helgi. Bangsanum fylgir taska sem í er föt, tannbursti, koppur, bleiur eða hvað sem

barnsinn þarf og stílabók sem foreldrar fylla inn í eftir heimsóknina, þau geta skrifað texta og límt inn myndir eða bara eins og fólk listir.

Þegar barnið kemur aftur í leikskólann sýnir það börnunum hvað gert var um helgina með hjálp kennara.

### *Myndaspjald eða albúm*

Hægt er að láta foreldra útbúa spjald eða myndaalbúm með fjölskyldu barnsins og helstu áhugamálum. Þetta er t.d. hægt að útbúa þegar barnið er í aðlögun í leikskólanum. Barnið hefur síðan alltaf aðgang að „spjaldinu“ sínu í leikskólanum.

Þetta getur styður við samtal kennara og barns og auðveldar innsýn inn í hugarheim barnsins.

### *Bókaormar*

Hægt er að útfæra hugmyndina að bókaormum á margan hátt. Hugmyndin gengur út á það að barnið tekur með sér bók að heiman og les (með aðstoð kennara) fyrir börnin í samverustund.

Gaman er að búa til „orm“ á vegg til að sýna allar þær bækur sem lesnar hafa verið.

### *Tengja við aðra menningarheima*

Hvort sem barn er ættað frá öðru landi eða frá Íslandi þá er gaman að búa til þemu eða upplifanir tengt menningu þess. Þá er gaman að fá foreldra í samstarf við skólann með því að koma með eitthvað tengt sinni menningu í leikskólann. Þetta þarf ekki endilega að tengjast menningu „landsins“ heldur menningu „heimilisins“.

## **BÖRN ERU GETUMIKIL**

Við höfum þá sýn að börn séu getumiklir einstaklingar sem læra og þroskast sem einstaklingar fyrir eigin kraft. Börn eru hæfileikarík og þurfa á fullorðnum að halda sem stuðningsaðila en ekki sem stjórnanda. Reynsla ungra barna hefur gildi í sjálfu sér.

Börn eru að læra á umhverfið sitt og sjálfan sig í samspili við það. Þau læra smám saman að aðlaga eigin óskir að óskum annarra og er það staðreynd að menntun þeirra á fyrstu árunum hefur afgerandi áhrif á framtíð þeirra. Dæmi um þetta er að samskipti barna við annað fólk hefur áhrif á hæfni þeirra til að læra og mynda tengsl við annað fólk seinna á lífsleiðinni. Samskipti og viðmót getur því haft mikil áhrif á einstaklinginn ævilangt.

## **STARFSADFERÐIR-VIÐHORF**

Starfsaðferðir og viðhorf þurfa að mótast af því að börn séu fær um að stjórna eigin lífi með stuðningi og vernd frá hinum fullorðnu. Börn eiga rétt á að á þau sé hlustað

og að tekið sé tillit til þarfa þeirra og langana. Þetta á líka við um yngstu börnin. Þau þurfa á vernd og leiðsögn að halda og hamingja og vellíðan þeirra skiptir miklu máli.

Mikilvægt er að vera meðvitaður um sín eigin viðhorft til náms og leiks barna. Viðhorfin geta verið margvísleg og oft byggð á gömlum gildum eigin barnæsku. Gott er að spyrja sig „sé ég börn sem getumikla og hæfileikaríka námsmenn líkt og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla?“ Ef ekki, þá af hverju? Hvernig birtist sýn mín í dagskipulaginu, í matartímum, samskiptum, aðgengi að efnivið?

## **Samskipti**

Samskiptin á milli hinna fullorðnu og barnanna eru mikilvæg og hafa meðal annars áhrif á það hvernig börn upplifa sig sjálf. Það að beita valdboði og skipa, eða vinna saman, stjórna eða leita samningaleiða hefur áhrif á sjálfsmynd barnanna og virkni í lífinu. Börn eiga rétt á því að vera virt sem einstaklingar, að á þau sé hlustað og þau þurfa að fá tækifæri til að æfa sig í þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Gott er að æfa sig í að nota ekki orðið „ekki“ t.d. sleppa því að segja „ekki gera þetta“ heldur nota „gerðu þetta“.

Hluti af því að sýna stuðning er að vera í liði með barninu. Þá er t.d. gott að segja „komdu að þvo hendur“ í stað þess að segja „farðu að þvo hendur“.

Börn fá fullt af hugmyndum og er mikilvægt að þau upplifi að þeirra rödd heyrir. Þá er gott að bregðast við hugmyndum þeirra með því að gefa þeim „já“ en í framhaldi að segja t.d. „já, góð hugmynd, við skulum prufa það á eftir“. T.d. þegar barn vill fara út að leika en næst á dagskrá er að fara í hvíld, þá væri hægt að segja „já, góð hugmynd, við skulum fara út á eftir“.

## **Viðurkenning og sjónarmið barna**

Mikilvægt er að ná augnsambandi við barnið þegar talað er við það. Það þarf að fylgja frumkvæði þess eftir og orða upplifunina. Mikilvægt er að leggja áherslu á jákvæð samskipti og samtal þar sem viðurkennandi tilfinningalegt andrúmsloft er ríkjandi.

Frumkvæði barna birtist oft í því að það sýni einhverju athygli. Þetta getur til dæmis verið leikfang sem barninu langar að leika með, barnið segir hugsanlega ekki hvað það vill gera og þá er mikilvægt að starfsmaður lesi í líkamstjáninguna og fylgi þannig frumkvæði barnsins eftir.

Börn þarfnast staðfestingar/viðurkenningar frá fullorðnum og jafnöldrum. Jákvæð staðfesting er talin mikilvæg fyrir andlegt jafnvægi og geðheilsu barna. Það er því mikilvægt að vera til staðar, sýna áhuga og hvetja jákvæða hegðun og jákvæð samskipti. Þegar slíku frumkvæði er mætt þá þróar barnið trú á eigin ágæti og virðingu fyrir sjálfu sér.

Mikilvægt er að öll börn fái svigrúm til að tjá tilfinningar sínar. Allar tilfinningar eiga rétt á sér, reiði, ótti, gleði, sorg eru allt tilfinningar sem við upplifum á lífsleiðinni. Börn

sýna þessar tilfinningar á mismunandi hátt og er mikilvægt að hinn fullorðni lesi í framkomu barnanna með það í huga að skilja hvaða tilfinningar eiga sér stað.

Nauðsynlegt er að hafa sjónarmið barnanna í huga þegar umhverfi og verkefni eru skipulögð. Börn geta bætt við mótun þekkingar um sitt daglega líf og gefa mikilvæga innsýn inn í félagamenningu sína. Þau hafa skoðun á lífi sínu og því mikilvægt að koma auga á og hafa í huga hvað börnum finnst merkilegt og mikilvægt.

### **Tjáning og leikur barna**

Börn læra í gegnum leik. Leikurinn er börnum nauðsynlegur til þess að þroskast, dafna og uppgötva. Mikilvægt er því að gefa leiknum og skapandi starfi það svigrúm sem þarf í dagskipulaginu.

Í tjáningu og leik barna gegnir líkamleg tjáning lykilatriði. Börn tjá langanir og tilfinningar með líkamanum, þau bregðast við umhverfi sínu og skapa tengsl með öllum líkamanum og þau læra á sjálft sig og umhverfið í gegnum líkamann. Það skiptir því máli hvernig við bregðumst við börnunum í hinum ýmsu aðstæðum. Barn sem hleypur hringinn í kringum borð og annað barn sér leikinn og stekkur inn í hann. Í smá stund hlaupa þau saman í kringum borðið og góla og hlæja til skiptis. Hvernig bregðumst við við? Köllum við strax „hlaupa út, ganga inni, setjist niður“? Eða fylgjumst við með og beinum leiknum í aðra átt. Það sem gæti verið að eiga sér stað í þessum aðstæðum er félagamyndun. Svona eignast börn vini. Leikurinn þróast svo í að leika sér öðruvísi en svona hefst vinátta gjarnan hjá ungum börnum, það er að segja, með öllum líkamanum, á hlaupum og með látum.

Ung börn hreyfa sig mikið, barnið er líkaminn, bæði úti og inni. Hreyfing er undistaða leiksins og hefst leikurinn með hreyfingu. Þessi tjáningarmáti getur verið óreiðukenndur en er engu að síður mikilvægur þáttur í þroska barna og félagslegum samskiptum. Það skiptir því máli hvernig við horfum á, túlkum og bregðumst við leik barna.

Rannsóknir á leik barna sýna eftirfarandi:

- Börn nota leikrænar, hraðar hreyfingar; fram og til baka, hringir í leikstofunni
- Eitthvað óvænt gerist
- Gáski og ærslafull stemning
- Hopp og hnoð á leikföngum
- Flytja leikföng milli staða
- Stærri leikföng á gólfi bjóða oft upp félagsleg samskipti og leik (Løkken, 2001; 2004)

### **NÁMSUMHVERFIÐ**

Hönnun og skipulag umhverfi leikskólans skiptir miklu máli fyrir nám og líðan barna. Námsumhverfi leikskólans eru húsnæði og búnaður, leikvöllur og nærumhverfi.

## Umhverfið

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að umhverfið sé mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þurfi að taka tillit til reynslu, áhuga og þroska fjölbreytts barnahóps. Huga þarf að notagildi, öryggi og fagurfræðilegum þáttum. Einnig þarf umhverfið að vera hvetjandi og aðlaðandi. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja (Mennta-og menningarmálaráðuneytið 2011, bls. 39).

Mikilvægt er að hafa í huga leik- og hreyfipörf barna eins og talað var um í kaflanum „tjáning og leikur barna“ hér á undan. Umhverfið þarf að gefa rými til stórra og mikilla hreyfinga. Gott er að hafa stóra púða, svæði þar sem hægt er að hlaupa, dansa, hoppa og skoppa. Að sama skapi er mikilvægt að koma á móts við þau börn sem vilja draga sig í hlé frá látum. Gott er að hafa svæðaskiptingu þar sem möguleiki er á ólíkum leikjum og verkefnum. Þannig ætti að vera val á milli fjölbreyttra athafna og leikefnis í því skyni að fanga áhuga barna og hvetja þau til virkrar þátttöku.

## Efniviður

Í Aðalnámskrá segir einnig að efniviður þurfi að vera fjölbreyttur og höfða til ólíkra einstaklinga. Hann þarf að ýta undir forvitni, fjölbreytta skynjun og ímyndunaraflíð. Börn þurfa tækifæri til að rannsaka, hreyfa sig, tjá sig og leika á fjölbreyttan hátt (Mennta-og menningarmálaráðuneytið 2011, bls. 40).

Mikið er til af opnum efnivið sem býður upp á fjölbreytta notkun. Það getur verið stór leikföng svo sem púðar, sófar, stólar kerrur, boltar og lítil leikföng sem hægt er að færa með sér á milli staða, dósir, dollur, lyklar, hólkar ýmiskonar, púðar, burstar, rúllur, snúllur og krúsídullur. Hér getur hugmyndaflugið notið sín og gaman getur verið að sjá hvernig hlutir öðlast nýtt líf í höndum á börnum með fjörukt ímyndunarafl. Kubbur breytist í síma, stóll í bíl, púði í hest og tómur sjampóbrúsi getur innihaldið dýrindis hafragraut, bókstaflega allt getur gerst.

Líkt og fram kemur hér á undan þá vinnum við út frá því að börn séu hæf og hæfileikarík. Því teljum við mikilvægt að efniviður sé í barnanna hæð á leikskóladeildinni. Hólf, vaskar, salerni, stólar, borð, leikföng og annar efniviður ættu að vera í þeirra hæð sem býður upp á hreyfingu, sjálfstæði og frumkvæði. Þetta er þáttur sem þarf að vinna að strax frá upphafi leikskólagöngunnar. Ekki eru öll börn sem ráða við svona aðgengi strax í upphafi leikskólagöngunnar. Þá þarf að læra saman á reglurnar sem ættu að vera fáar og einfaldar. Sniðugt er t.d. að hafa sýnishorn af leikföngum í barnanna hæð svo þau geti valið sér dót. Það kemur í veg fyrir að allt fari út um allt. Þá hafa þau einnig raunverulegt val um hvað þau leika við þar sem þau geta horft á það og handleikið áður en þau velja.

## SKRÁNINGAR

Skráningar hafa margþætt hlutverk í leikskólastarfi. Þær geta t.d.:

- haft áhrif á viðhorf til barna
- sýnt okkur hvernig börn læra



- hjálpað til við að sjá framfarir hjá börnunum
- gert okkur oft kleift að koma auga á sterka og getumikla barnið
- stutt við leik og leikgleði barnsins
- bætt foreldrastarf á margan hátt
- gert áhugasvið barna sýnileg
- hjálpar okkur að hlusta á raddir barnanna og kynnast þannig hugarheimi þeirra
- hjálpa okkur að skilja hegðun barnanna og viðbrögð þeirra
- vakið spurningar þegar skáningar eru skoðaðar sem gefur okkur tækifæri til að skoða eitthvað nánar sem við hefðum annars ekki tekið eftir
- verið liður í því að gera leikskólastarfið sýnilegt samfélaginu
- gefið hinum fullorðna tækifæri til að þróa hæfni sína sem fagmaður
- gefið okkur tækifæri til að skoða okkur í starfi
- eflt næmi okkar í að „lesa“ börnin
- opnað umræður á milli starfsmanna
- opnað umræður á milli foreldra og barnanna
- opnað umræður á milli starfsfólks og barnanna
- aukið trúverðugleika á starf leikskólans

Hægt er að gera margskonar skráningar, þrjár leiðir eru algengastar, það eru myndbands-, ljósmynda- og skriflegar skráningar.

### **Myndbandsskráningar**

Myndbandsskráningar gefa okkur einstakt tækifæri til að skoða börn í leik og starfi. Þau sýna okkur hvað raunverulega gerðist þar sem hægt er að fanga hreyfingu og hljóð. Við getum skoðað samskipti barnanna á milli og samskipti barna og starfsmanna. Við getum skoðað tengslamyndun og fengið innsýn inn í menningu barnanna og séð margt sem fer fram hjá okkur dags daglega í starfi. Þegar við erum í miðri hringiðunni inni á deild þá er að mörgu að huga og missum við oft af einstaka atriðum. Myndbandsskráningar gefa okkur tækifæri til að skoða einstaka þætti í ró og næði utan deildarinnar og gefur okkur oft nýja sýn á hegðun, getu, samskipti og líðan barna.

Þessa tegund skráningar er einnig gott að nota í foreldrasamskiptum. T.d. að hausti þegar barnið grætur hugsanlega alltaf þegar það kveður foreldrið sitt þá getur verið gott að eiga skráningu sem sýnir barnið glatt í leik. Eins er gaman að nota myndbandsskráningar í foreldraviðtölum. Þá fá foreldrarnir tækifæri til að vera fluga á vegg og sjá barnið sitt í nýjum aðstæðum. Gott er að hafa í huga að skráningin sé jákvæð og sýni getumikla barnið.

Kostir myndbandsskráningar eru einnig að börn venjast því fljótt að teknar séu myndir af þeim. Gott er þó að taka stutt myndbrot í einu, það auðveldar vinnuna þegar unnið er úr þeim, t.d. hámark 1 mínúta hvert myndbrot.

## Ljósmyndaskráningar

Ljósmyndaskráningar þjóna öðrum tilgangi. Þær eru, eðli sínu samkvæmt, stillimyndir og gefa ekki eins skýra mynd af því sem fór fram. Þær geta hinsvegar sýnt uppákomur, framkvæmd og samskipti á annan hátt. Á margan hátt er auðveldara að deila þeim með umhverfinu því hægt er að setja þær á heimasíðu, senda í tölvupósti, hengja á vegg, hafa þær með myndum þ.e.a.s. setja ljósmyndaskráningu við hliðina á málverki sem sýnir framkvæmd vinnunnar.

Ein leið er að vera með „skráningavegg“ fyrir foreldra í fataherbergi sem gefur foreldrum tækifæri til að fylgjast með starfinu.

## Skriflegar skráningar

Gott getur verið að grípa í blað og penna þegar eitthvað spennandi er að gerast á deildinni. Skrifa t.d. hjá sér svör barna og samtöl eða gullkorn. Þetta hjálpar okkur að muna hvað talað var um og hvaða hugmyndir komu upp. Þessar skráningar er gott að nota samhliða ljósmyndaskráningum.

## Að vinna úr skráningum

Gott er að vera meðvitaður um til hvers skráningin skal notuð. Öðruvísi er unnið með skráningu sem á að sýna samskipti á milli starfsmanna og barna og skráningar sem hugsuð er fyrir foreldraviðtal. Gott er að skrifa hjá sér texta jafnóðum og skráningin er skoðuð. Eins er gott að vera með hlutlaust mat á efnið og fá álit annarra. Gott er að nýta skráninguna sem umræðugrundvöll inni á deild, þá koma oft ný sjónarhorn. Skráning gefur oft einnig nýja mynd ef hún er skoðuð oft með mismunandi áherslum.

## LEIKUR-NÁM-UMHYGGJA

Lengi hefur verið tilhneiging til að aðgreina umönnun og nám barna. Í leikskólum er hinsvegar umönnun og nám samofið og mikilvægt að koma auga á námið sem á sér stað við hin ýmsu tækifæri yfir daginn. Barnið þroskast og lærir í samskiptum við aðra og skapa samskipti þess grundvöll fyrir áframhaldandi námi. Börn læra aðra hluti af hvort öðru en þau gera af fullorðnum, t.d. það að bera virðingu, umhyggju og samkennd og að glíma við ólík félagslegt tengsl. Hlutverk okkar sem hinir fullorðnu í umhverfinu er að styðja við börnin í samskiptum sínum við hin börnin og passa upp á hvernig við tölum. Eins er mikilvægt að lesa í líðan barna út frá hegðun og líkamstjáningu þar sem fæst þeirra kunna að tjá tilfinningar sínar með orðum á þessum aldri.

Gott er að horfa yfir dagskipulag leikskólans og meta hvaða möguleika börnin eiga til náms við hinar ýmsu aðstæður. Hvaða nám á sér til að mynda stað við bleiuskipti? Hvað eru börnin að læra þegar þau klæða sig til útiveru? Hér á eftir skoðum við einstaka þætti í dagskipulaginu og veltum fyrir okkur hvað er gott að leggja áherslu á. Hvað þurfi að hafa að markmiði svo hver stund nýtist til náms og hvaða leiðir hægt er að fara.

## DAGSKIPULAG

Gott er að gefa sér tíma til að horfa gagnrýnum augum yfir daginn og skoða hvaða nám á sér stað við hverjar aðstæður og hvernig ýta má undir frekara nám. Eitt af því mikilvæga í leikskólakennslu er að vernda heilsu barna og stuðla um leið að því að barnið verði sjálfbjarga og sjálfstætt. Einnig er nauðsynlegt að vera meðvitaður um hlutverk sitt í aðstæðunum og að starfólk deildarinnar komi sér saman um hvaða reglur þeir vilja að gildi.

Þumal fingursreglan þegar horft er yfir daginn er sú að barninu sé veitt aðstaða, tími og tækifæri til að prófa sig áfram og að hinu fullorðnu dragi sig í hlé og dæmi ekki of fljótt hvað barnið geti og geti ekki.

Hér á eftir er skoðað hvert markmiðið er með hverjum þætti dagskipulagsins, hvaða nám eigi sér stað hverju sinni og hugmyndir að leiðum að settu marki.

### Að koma og fara

#### Markmið

Við viljum að öll börn finni að þau eru velkomin í leikskólann. Við viljum að þau finni að það gleður okkur að hitta þau aftur og að okkur hlakki til að eiga daginn með þeim.

Við viljum kveðja fallega og þakka fyrir daginn svo hvert barn finni að það skipti máli

#### Leiðir

Gott er að hafa tímann þegar börnin mæta á morgnana rólegan.

Fram að morgunmat er sniðugt að vera með leikföng og efnivið sem bjóða upp á rólegan leik og halda afslöppuðu andrúmslofti.

Nauðsynlegt er að heilsa hverju barni með nafni og bjóða góðan daginn í upphafi dags og kveðja það með nafni og þakka fyrir daginn í lok dags. Sýna því áhuga sem barnið gerir og segir.

Til að koma á mótis við börn sem eiga erfitt með að kveðja foreldra sína á morgnana er ýmislegt hægt að gera. T.d. er gott að vera meðvitaður um áhugamál barnanna og geta þannig hjálpað því að dreifa huganum frá kveðjustundinni.

Mikilvægt er að ná góðu sambandi við foreldra barnanna þar sem traust þeirra í okkar garð hefur mikið að segja með líðan barnanna í leikskólanum.

### Matmálstímar

#### Markmið

Mikilvægt er að skoða viðhorf sín til getu barna og þarfa í matartímum. Í gegnum árin hafa gömul gildi oft einkennt þessar stundir. Þurfa öll börn að smakka allt og fá sér af öllu? Þurfa allir að bíða þar til allir eru komnir með á diskinn áður en byrjað að borða?

Þarf að klára allt af disknum sínum áður en fengið sér er meira af einhverju? Þurfa börnin að bíða þar til allir búnir að borða áður en farið er í hvíld? Þurfa börnin að eiga sín sæti við matarborðið? Getum við treyst þeim til að bera ábyrgð á sér í matartímanum? Getur verið að ópolinmæði hinna fullorðnu flækist stundum fyrir?

Matmálstímar bjóða upp á mikið nám. Börnin læra um næringu, sjálfshjálp, fjölbreytta fæðu, þau geta lært form, ýmis hugtök eins og heitt og kalt, undir og yfir, bakvið, ofan á og við hliðina á. Mikilvægt er að nýta matartímann til að spjalla saman um daginn og veginn, upplifanir barnanna í leiknum sem var á undan og það sem þeim er hugleikið hverju sinni.

Matmáltímar bjóða því upp á mikið nám í sjálfshjálp, málörvun og samskipti.

### Leiðir

Mikilvægt er að börn fái tækifæri til sjálfshjálpar í matartímum. Þau geta lagt á borð, skammtað sér sjálf og gengið frá eftir sig. Sniðugt er að vera með borðþjóna sem sjá um að leggja á borð og bjóða til borðs.

Samtalið við matarborðið er mikilvægt, hvað liggur börnunum á hjarta? Eins er gott að setja orð á athafnir.

### **Vinnustund/hópastarf/sköpun**

#### Markmið

Misjafn er hvernig unnið er með hópastarf/vinnustundir í leikskólum. Algeng er að skipta börnunum í hópa sem starfa saman í ca. klst. 2-4 sinnum í viku. Þessar stundir eru gott tækifæri til að æfa sig í að tilheyra hóp. Kostirnir eru meðal annars þeir að í minni hóp heyrast raddir allra betur, það auðveldar hópstjóra að hafa yfirsýn yfir einstaklingana og innsýn inn í mál einstaklingana. Það getur einnig hjálpað til við tengslamyndun á milli hins fullorðna og barnsins.

Mikilvægt er að muna að þetta eru stundir barnanna, áhugasvið þeirra og hugmyndir þurfa að fá að njóta sín og þau þurfa að fá tíma til að finna lausnir sínar sjálf. Hinn fullorðni er með til að læra með börnunum og veita stuðning til frekara náms.

Sköpun er eitt af grunnþáttum menntunar. Mikilvægt er að barn hafi svigrúm til að skapa, það þarf tíma, aðgang að opnum efnivið og þolinmæði frá umhverfinu til að fóta sig áfram.

Á yngstu deildunum skiptir mestu máli að nota fjölbreyttan efnivið svo börnin hafi tækifæri til að kynnast nýjum möguleikum. Þetta á ekki eingöngu við í listsköpun heldur einnig í leik, vísindastarfi, hreyfingu og samskiptum við umhverfið.

Í gegnum hópastarf/vinnustundir er stuðlað að samheldni, ábyrðarkennd gagnvart umhverfinu, börn mynda tengsl við jafnaldra og læra að vinna og leika sér í hóp.

Börn læra að vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast þannig reynslu sem nýtast þeim áfram á margan hátt.

### Leiðir

Gott er að byrja og enda hópastarf saman í hring, syngja eitt lag (alltaf það sama) tala um hvað hópurinn heitir og að nú séum við að fara í hópastarf. Ræða hver er kominn og hver ekki og hvað við séum að fara gera þann daginn.

Hópastarf er misstýrt. Stundum leggur kennari verkefni fyrir en stundum er verkefnið opið. dæmi: kennari setur efnivið á borðið og spyr börnin hvað sé hægt að gera við það... á móti- kennari kemur að barnahóp og segir „Í dag erum við að fara búa til kisu, hvernig getum við gert það?“

Oft er unnið með þemu yfir veturinn. Stundum er þema valið fyrirfram, stundum ræðst valið af umhverfinu, stundum af áhugsviði barnahópsins. T.d. þorrapema á þorranum, lauf og nánasta umhverfi á haustin, jólasveinar um jólin, köngulær, húsdýrin, líkaminn okkar, fjölskyldan mín. Einnhver saga/ævintýri eins og Dýrin í Hálsaskógi eða gamalt íslenskt ævintýri.

Þema getur verið tímabundið í stuttan tíma, í lengri tíma t.d. yfir alla önnina.

Ýmislegt er hægt að gera í hópastarfi og er það eins og með svo margt annað aðeins hugmyndaflugið sem setur mörkin.

- Leir (trölladeig, steinleir, jarðleir, leikleir) ýmis efniviður með (rör, steinar, fjaðrir, greinar, sandur ofl)
- Mála (vatnslitir, akrílmálning, þekjulitir) og leiðir til að mála (standandi, sitjandi, liggjandi, með pensli, höndunum, fótunum, greinum, við trönur, inni úti, saman eða í sitthvoru lagi.
- Klippa (t.d. úr tímaritum, blöð sem þau hafa litað á, efni, lituð blöð) og líma á blað (sand, garn, steinar, efnisbútar, greinar, fjaðrir, baunir, hrísgrjón) gaman að mála yfir eða undir.
- Þæfa- Setja vatn í dalla eins heitt og börnin þola, brún/grænsápu út í. Réttu þeim svo óþæfða ull sem þau nudda saman í vatninu. Sniðugt til að þræða upp á band og búa til óróa eða hvað sem manni dettur í hug.
- Kubbar (Einingakubbar, holukubbar, stóra plast legó, litla legó, legó, tengikubbar, púslkubbar ofl.). Nýr efniviður getur gjörbreytt stundinni, t.d. þegar leikurinn er að leysast upp að setja inn slæður, dýr, bíla, litla karla, steina eða eitthvað sniðugt sem okkur dettur í hug.
- Könnunarleikur Markmið aðferðarinnar er að börnin uppgötvi hlutina og möguleika þeirra með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru öll þessi skilningarvit örðuð sem og gróf- og fínhyrfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum. Efniviðurinn í könnunarleiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Hér getur verið um að ræða dósaloð, mismunandi plastílát,

keðjubúta, lykla, tvinnakefli, efnisbúta og ýmislegt annað sem eru engu að síður jafn spennandi leikföng og þau hefðbundnu.

- Vettvangsferðir t.d. stuttar gönguferðir um hverfið, kíka á rólóvellina í kring, heimsækja leikskólalóðir í kring, bókasafnið, lengri ferðir, strætóferðir ofl.
- Þess fyrir utan er misjafn hvað til er í hverjum leikskóla, gaman er þó að nýta sér þann efnivið sem til er eins og sandleir, ljósaborð, myndvarpi, sulluker ofl.
- Hugmyndabanki. Gott er að búa sér til hugmyndabanka í leikskólanum. Það er óþarfi að allir séu í sínu horni að finna upp hjólið. Ef við gerum eitthvað sniðugt þá endilega deilda hugmyndinni til næsta hópstjóra. Þetta er frábær leið til að fá nýjar hugmyndir.

## Frjáls leikur

### Markmið

Með frjálsum leik er átt við sjálfssprottnum leik barna. Frjáls leikur er leikur sem börnin ákveða sjálf reglurnar, börnin skapa, flæða og breyta eins og þeim hentar hverju sinni. Það er því ekki hægt að skipuleggja hvenær og hvar hann á sér stað. Það gerir það erfiðara að verkum að skipuleggja hann og þeim mun mikilvægara að vera meðvitaður um hann þegar hann á sér stað.

### Leiðir

Á sama tíma og við tölum um að leikur barna þurfi að vera frjáls og sjálfssprottinn þá segjum við um leið að leikurinn er aðal námsleið barna.

Ýmislegt er hægt að gera til að efla leikinn sem námsleið. T.d. er hægt að setja inn ýmsar kveikjur um deildina sem tengjast t.d. þemanu sem unnið er með í hópastarfi/vinnustund. Ef unnið er með þemað „húsdýrin“ eða „kisur“ þá væri til t.d. hægt að setja inn myndir af því um deildina. Ekki gleyma stöðum eins og undir borð og klósettið. Endilega skoða hvar börnin eru yfir daginn. börnin hafa annað fyrir augum en við. Þau eru undir borðum og stólum, inni í skápum og vinna í annari hæð en við.

Mikilvægt er að vera meðvitaður um hlutverk sinn sem hinn fullorðni í leik barnanna. Við getum líka verið hluti af leiknum. Við þurfum hinsvegar að vanda innkomu okkar og passa að taka ekki yfir leikinn. Ef börnin koma með spurningar þá svörum við og ef við komum með spurningar inn í leikinn þá verðum við að passa að leikurinn gjaldi ekki fyrir það. Hugmyndaflug barnanna þarf að vera ráðandi.

## Fataherbergið

### Markmið

Fataherbergið er frábær staður til að virkja sjálfshjálpi barnanna. Flest börn hafa gaman af því að spreyta sig áfram í að klæða sig í og úr og þurfa þau því tíma og rými til að prófa sig áfram í því.

## Leiðir

Gott er að taka fá börn fram í fataherbergi í einu. Þetta kemur í veg fyrir læti og óreyðu. Á þennan hátt er auðveldara að halda stemningunni rólegri og börnin haldast frekar við efnið.

Nauðsynlegt er að vera meðvitaður um hlutverk sitt í fataherberginu. Hlutverk okkar er að vera til staðar, hjálpa, spjalla, hvetja og styðja.

Mikilvægt er að leggja áherslu á jákvæð samskipti, sjálfshjálp og samhjálp.

## **Útivera**

### Markmið

Heilmikið nám á sér stað í útiveru. Þar komast börnin í snertingu við náttúruna, leika sér frjálst og eru saman í hópleikjum.

Gott er að hafa í huga að úti, hvort sem það er við markvisst útinám eða í útiveru í garðinum, þá breytist oft leikurinn og vináttan. Sumir eiga einn vin í inniveru en annan úti.

Eins er útiveran oft tækifæri fyrir börn sem hafa mikla hreyfipörf að blómstra. Inni gilda oft reglur sem þau eiga erfitt með að fara eftir en úti eru þau sterk og oft í fararbroddi. Gott er að vera meðvitaður um þetta.

Markmið með útiveru er að efla alhliða þroska, að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.

## Leiðir

Í útiveru er hlutverk hins fullorðinna að tryggja öryggi barnanna með því að vera til staðar, vekja athygli þeirra á umhverfinu, taka þátt í leik barnanna, spjalla og sýna börnunum áhuga og fyrst og fremst að vera til staðar fyrir þau.

Ýmislegt er hægt að gera til að breyta til, t.d. að taka út dót sem þolir hnjask, sula með sullukerinu eða kveikja á tónlist.

## **Salernisferðir og bleiuskipti**

### Markmið

Markmið okkar við salernisferðir er að veita barni líkamlega umönnun. Hér lærir barn um hreinlæti og sjálfshjálp.

Salernisferðir bjóða einnig upp á málörvun og því mikilvægt að setja orð á athafnirnar og eiga samtál með börnunum.

### Leiðir

Gott er að bjóða öllum börnum að fara á klósettið þegar þau fá nýja bleiu. Sum börn eru ekki tilbúin að prufa og þá er mikilvægt að taka tillit til þess en halda engu að síður áfram að bjóða upp á það.

Gott er að tala um hreinlæti við börnin t.d. „við þvolum okkur alltaf um hendur þegar við erum búin að leika úti“ og „fyrst pissa í klósettið og svo þvo hendur“.

### **Hvöld**

#### Markmið

Öll börn þurfa að hvíla sig yfir daginn. Misjafn er hversu mikla hvöld þau þurfa, hvort þau sofni, eigi að sofna eða eigi ekki að sofna. Það er unnið í samstarfi við foreldana sem þekkja sitt barn best.

Í hvöldinni er mikilvægt að börnin upplifi öryggi. Þarfir barna eru misjafnar og mikilvægt að koma á mótis við hvern og einn. Sumir þurfa smá knús, aðrir hendi og enn aðrir að fá að vera í „friði“.

### Leiðir

Mörg börn eru með „öryggistæki“ að heiman t.d. snuð, litla bangsa, kúruteppi ofl. Sniðugt getur verið að eiga til vara körfu með litlum böngsum að hausti þegar börnin eru að venjast hvöldinni.

Sumum finnst best að hvíla sig í algjörri þögn, öðrum finnst betra að hafa slökunartónlist í gangi og enn öðrum sögur. Þetta þarf að meta hverju sinni og horfa þá til þarfa barnahópsins.

### **Flæði**

#### Markmið

Flæði getur verið skemmtileg tilbreyting í leikskóladaginn. Flæði gefur aukna möguleika fyrir barnið að stjórna því hvar það leikur sér, við hvað og hvern.

### Leiðir

Hægt er að útfæra flæði á margan hátt. T.d. er hægt að hafa flæði innan deildarinnar, milli deilda og út og inn.

Ein leiðin er að starfsmenn raði sér á stöðvar og börnin flæði á milli. Önnur leið er að setja upp stöðvar og skipta upp börnunum í hópa og þau fari á milli með starfsmanni.



## **Gott að hafa í huga**

Það er auðvelt að detta í gömul viðhorf sérstaklega ef það er álag á deildinni.

Umönnun og umhyggja eru stór þáttur í leikskólakennslu, mikilvægt er öllum stundum að kennarar séu til staðar og sýna áhuga.

Mikil máltaka á sér stað á yngstu deildum leikskólans. Mikilvægt er því að tala mikið við börnin, nota fallegt og vandað málfar og leggja alltaf orð á athafnir.